

Reykjavík, 9. maí 2019

## **ATHUGASEMDIR VEGNA TILLAGNA AÐ DEILISKIPULAGI FRIÐLANDS OG FÓLVANGS Í GÁLGAHRAUNI OG GARÐAHRAUNI.**

Stjórn Hraunavina hefur kynnt sér tillögur að deiliskipulagi friðlands og fólvangs í Gálghrauni og Garðahrauni.

Formaður og fleiri félagsmenn sátu kynningarfund um málið í Flataskóla 6.maí og fór formaður ásamt tveimur öðrum úr stjórn í sérstaka könnunarferð um áformað göngu- og hjólastígasvæði í Gálghrauni 8. maí.

Teknar voru myndir í þeirri ferð, sem skipulagsnefnd getur fengið aðgang að.

Formaður hefur kynnt sér 30 þjóðgarða og friðuð svæði í 7 löndum í tveimur heimsálfum og skoðað stíga- og vegakerfi í þeim

Hann og fleiri í félaginu hafa margra ára reynslu af notkun göngu- og hjólastíga í öllum sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins og ljóst er, að til þess að hægt sé að leggja viðunandi stíga fyrir hjólaumferð um jafn óslétt og úfið svæði og um að ræða í Gálghrauni samkvæmt gögnum þar um, verður engin leið að viðhalda öryggiskröfum og notagildi svona stíga nema að þeir séu malbikaðir með 3ja metra breiðu slitlagi og með viðunandi útsýni framundan.

Það sést til dæmis á þeim malbikaða hjólastíg sem nú þegar liggur frá Sjalandshverfinu suður að hringtorginu austan við Þrýðahverfi og raunar áfram meðfram gamla Álftanesveginu út á Álftanes.

Rétt er að hafa í huga að samkvæmt lögum má aka vélknúnum hjólum, sem geta verið allt að 115 kíló að þyngd, um svona stíga, ef hraði þeirra er takmarkaður við 25 km/klst.

Svona stígur yrði að vera upphækkaður á köflum þar sem landið er óslétt og með það háum öxlum, að heildarbreiddin yrði allt að 20 metrar og lóðrétt hæð axlanna allt að 3 metrar, nema að ætllunin sé að grafa stíginn niður með tilheyrandi algerlega óafturkræfu raski, væntanlega með notkun jarðýtu. Þar að auki yrði stígurinn lagður um gróið hraun.

Raunar er rangnefni að kalla þetta stígagerð, þetta er í raun vegagerð sem ætla hefði mátt að væri ekki lengur á dagskrá í Gálghrauni miðað við yfirlýsingar og loforð um friðland, frið og grið í þessu sögumettaða hrauni.

Með vegi af þessari gerð er verið að feta sömu reglustikuðu leiðina og upphaflega átti að leggja fullbreiðan veg á, en hætt var við. Það er verið að vekja upp draug.

Niðurstaða af því sem að ofan er nefnt og af frekari umræðum innan félagsins er mikil undrun yfir þeim áformum sem uppi eru og munu, ef af þeim verða, valda stórfelldum og algerlega óþörfum umhverfisspjöllum á svæði, sem á skilti við upphaf fyrirhugaðs göngu- og hjólastígs er skilgreint sem friðland.

Alvarlegast er, að ekki verður betur séð en að um hreint lögbrot verði að ræða, því að samkvæmt 61. grein náttúruverndarlaga sem samþykkt voru 2016, njóta eldvörp, eldhraun gervígir og hraunhellar, sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma, sérstakrar verndar. Skipulagstillagan brýtur því alvarlega í bága við umrædd náttúruverndarlög.

Það er engin smá vegalengd samtals af malbikuðum stígum/vegum, sem tillagan gerir ráð fyrir, heldur varlega áætlað 4-5 km samtals; malbikið sjálft 3 m á breidd, en vegstæðið allt að 20 metra breitt í botninn, eins og áður sagði.

Vegirnir myndu búta hraunið niður í parta og var ekki á það bætandi.

Malarstígar eru fyrirhugaðir 5-6 km langir og 2 metrar á breidd.

Samtals á að brjóta niður eða raska og þekja 9-11 km af hrauni.

Nú þegar liggja fornir gönguslóðar um Gálgahraun og Garðahraun. Hjólreiðamenn komast leiðar sinnar eins og áður sagði meðfram gamla Álftanesveginum.

Í vettvangsferð 8. maí sást ekki hið minnsta rask á gönguslóðunum nafnkunnu, sem liggja um hraunið. Þeir eru verðmætar sögulegar minjar um samgöngur í landinu í 1100 ár og nýttust þjóðinni kynslóð fram að kynslóð með minnsta mögulega raski, eins og glögglega blasir við enn í dag. Væri fróðlegt að fá álit sérfróðra manna á minja- og sögugildi þeirra ósnortinna.

Fyrirhugaðar framkvæmdir myndu því ekki þjóna neinum tilgangi, heldur framkalla óafturkræfa eyðileggingu á einu sögufrægasta hrauni á Íslandi, Gálgahrauni og Garðahrauni, sem fremsta hluta hins mikilfenglega Búrfellshrauns.

Fyrir nákvæmlega tíu árum hófst barátta náttúruverndarfólks gegn því að lagður yrði nýr akvegur yfir Gálgahraun.

Þá voru helstu rökin fyrir nýjum vegi þau, að íbúar í Þrýðahverfi ættu rétt á nýjum vegi og að gamli vegurinn væri of hættulegur. Síðari röksemdin var hrakin í deilunni, því að við rannsókn á því máli kom í ljós að 22 vegakaflar á höfuðborgarsvæðinu voru með hærri slysatiðni en Álftanesvegur.

En þessi rök fyrir nýjum akvegi 2013 eiga hvort eð er ekki við um göngu- og hjólastíga í Gálga- og Garðahrauni.

Samkvæmt skoðanakönnunum er almenningur á Íslandi hlynntur náttúruvernd.

Ætla má að fáir Íslendingar hafi áhuga á því að stunda útivist á göngu- og hjólastígum sem lagðir eru í trássi við náttúruverndarlög.

Miklu nær væri að merkja betur þær fornu gönguslóðir, sem fyrir eru í hrauninu og auðvelda almenningi að færa sér þá í nyt .

Það, ásamt góðri vöktun á svæðinu myndi kosta örlítið brot af þeim fjármunum, sem ætlunin er að ausa í stórkaralegar og algerlega óþarfar stígaframkvæmdir.

Stjórnarmenn í vettvangsferðinni um Gálgahraun 8. maí voru sem þrumu lostnir yfir því sem til stendur að gera. Eftir að ætla mátti, að með því að komið hefði verið til móts við sjónarmið gagnrýnenda með breytingu á hinum umdeildu framkvæmdum, kemur skipulagstillaga Garðabæjar í Gálga- og Garðahrauni eftir deiluna um nýjan Álftanesveg eins og köld vatnsgusa framan í náttúruverndarfólk.

Stefnubreytingin með lagningu nýja Álftanesvegarins átti að koma í veg fyrir enn meiri eyðileggingu hraunsins, en nú bregður svo við að Garðabær leggur, ef hinar nýju skipulagstillögum verða framkvæmdar, í nýja herferð, sem stórskaðar sameiginlega náttúruauðlind þjóðarinnar, óspillt hraun, sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum.

Garðabær hefur undanfarin misseri gumað því að vera það bæjarfélag hér á landi, sem hefur verið hvað duglegast við friðlýsingar.

Aðför að Gálga- og Garðahrauni núna yrði í hróplegu ósamræmi við þá stefnu og eyðileggur orðspor sveitarfélagsins sem umhverfisvæns samfélags.

Stjórn Hraunavina skorar því á bæjaryfirvöld að sjá að sér og taka þetta mál frá grunni til gagngerðrar endurskoðunar, þar með talið á þeim tveimur spildum Garðahrauns sem hin nýja skipulagstillaga tekur til.

Fyrir hönd stjórnar Hraunavina. Ómar Ragnarsson, formaður.